

10. apríl 2025

Fréttabréf Hrafnagilsskóla




Ég kem í skólann til að **læra** og nýta **hæfileika** mína til fulls!

Kæru foreldrar og forráðamenn.

Þá er vorið á næsta leiti með öllu því skemmtilega uppbroti og þeim námstækifærum sem þessi árstími býður upp á. Á vorin nýtum við okkur nærumhverfið og nemendur njóta útiveru og útináms eins og kostur er.

Sveitin mín - þemadagar í maí.

Dagana 27., 28. og 30. maí verða þemadagar í öllum skólanum þar sem nemendur vinna í aldursblönduðum hópum að fjölbreyttum verkefnum. Þemað í vor er *sveitin mín* og unnið verður með sveitina okkar og nærumhverfið. Verkefni nemenda hverfast um skapandi nálgun, læsi í víðum skilningi eins og t.d. umhverfislæsi og unnið er með efnivið úr náttúrunni ásamt því að nýta það sem fellur til. Þannig er námið tengt grunnþáttum menntunar eins og sjálfbærni, læsi og sköpun og auk þess er unnið með samskipta- og félagsfærni. Þessir dagar eru því mikilvæg viðbót við hefðbundna skóladaga ársins.



Endurskoðuð greinasvið Aðalnámskrár grunnskóla 2024

Í október síðastliðnum tóku endurskoðuð greinasvið Aðalnámskrár grunnskóla [gildi](#) og eiga að koma til framkvæmda skólaárið 2025-2026. Markmið endurskoðunarinnar var fyrst og fremst að einfalda og skýra hæfniviðmið námskrárinnar og samræma inntak greinakafllanna. Endurskoðuð aðalnámskrá er til mikilla bóta, t.d. hafa nú verið sett yfirheiti fyrir framan öll hæfniviðmið sem lýsa á hnitmiðaðan hátt inntaki þeirra og tengslum á milli aldursstiga. Yfirheitin gefa fljótlega yfirsýn um efni greinakaflla og nýtast skólafólki t.d. við skipulag samþættra verkefna.

Kennarar og starfsfólk Hrafnagilsskóla mun hefja formlega innleiðingu námskrárinnar á starfsdögum í júní og næsta vetur verður lögð áhersla á að innleiða námskrána og aðlaga hæfniviðmið, námsmarkmið og námsmat að skólastarfinu okkar. Það er hugur í starfsfólki skólans og við hlökkum til að takast á við umbætur og þróun í skólastarfi en vorið 2026 ber okkur að útskrifa nemendur samkvæmt nýrri aðalnámskrá.



AÐALNÁMSKRÁ
GRUNNSKÓLA

Tónlistarskóli Eyjafjarðar

Við í Hrafnagilsskóla erum svo heppin að vera í frábæru samstarfi við Tónlistarskóla Eyjafjarðar og eiga allir nemendur þess kost að sækja tónlistarnám á kennslutíma. Með þessu fyrirkomulagi hafa allir nemendur jöfn tækifæri til þess að sækja tónlistarnám óháð búsetu.

Tónlistartímar eru settir í stundatöflu í samráði við umsjónarkennara og forráðamenn.

[Innritun](#) í Tónlistarskólann fer fram á vordögum og nánari upplýsingar er að finna á [heimasíðu](#) skólans.



Umhverfismennt

Í Hrafnagilsskóla hefur um árabíl verið lögð mikil áhersla á umhverfismennt og útinám en námið fer oftast fram á útikennslusvæði skólans Aldísarlundi. Í lundinum er m.a. eldstæði, skýli og svið en Foreldrafélag Hrafnagilsskóla hefur í gegnum árin verið skólanum innan handar við uppbyggingu á þessari frábæru aðstöðu með fjármagni, frumkvæði og vinnuframlagi.

Í gegnum umhverfismennt og útinám þjálfast nemendur í margvíslegri hæfni en úti reynir oft á aðra hæfni en innan veggja kennslustofunnar. Umhverfismennt byggir m.a. á grunnþáttum menntunar eins og þeim er lýst í Aðalnámskrá grunnskóla og má þar helst nefna sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun. Útinám er einnig tengt hæfniviðmiðum ólíkra námsgreina ásamt því að þjálfra lykilhæfni sem snýr að nemandanum sjálfum eins og skapandi og gagnrýna hugsun, sjálfstæði og samvinnu.

Í hraða nútímans er mikilvægt að kenna nemendum að staldra við og gera jafnvel ekki neitt annað en að njóta augnabliksins. Verkefni sem nemendur fást við í umhverfismennt eru af ólíkum toga eins og að búa til smyrsl, byggja skýli, búa til skrímsli úr efnivið skógarins og oft fara nemendur í skipulagða og frjálsa leiki í skóginum. Það er einnig vinsælt að elda undir berum himni og í Aldísarlundi grilla nemendur brauð, pylsur og poppa yfir eldi.

Það er mikilvægt að kenna börnum að njóta náttúrunnar og öðlast þannig skilning á náttúruvernd og því að ganga vel um umhverfi okkar. Ekki er hægt að kenna allt með bókum og fullorðnir eru mikilvægar fyrirmyndir í umhverfismennt eins og í öðru námi. Kennarar og starfsfólk fara reglulega með nemendum í Aldísarlund en það eru þau Tryggvi Jóhann Heimisson og Guðný Jóhannesdóttir sem sjá um og skipuleggja umhverfismennt í skólanum.



Félagsmiðstöðin Hyldýpið

Félagsmiðstöðin Hyldýpið er starfrækt á neðri hæð Hrafnagilsskóla og er fyrir nemendur í 8. - 10. bekk. Markmið félagsmiðstöðvarinnar eru að gefa unglingum tækifæri til afþreyingar og félagslífs ótengt námi og kennurum og að skapa öruggan vettvang með ábyrgu starfsfólki til samskipta, leiks og jafnvel ferðalaga.

Umsjónarmaður félagsmiðstöðvar er Sunna Björg Valsdóttir (sunna@esveit.is) og Marta Þóruðóttir (marta@krummi.is) er starfsmaður. Félagsmiðstöðin heyrir undir Íþróttamiðstöð Eyjafjarðarsveitar en forstöðumaður hennar er Karl Jónsson (karlj@esveit.is). Félagsmiðstöðin og Hrafnagilsskóli starfa í nánun og góðu samstarfi.

Á döfinni:



25. apríl - starfsdagur

7. maí - Lokakeppni Stóru upplestrar-keppninnar haldin í Laugarborg kl. 13:30.

14. maí - Sameiginleg samverustund í umsjón nemenda í 1. og 10. bekk haldin í íþróttahúsinu kl. 8:15.

16. maí - UNICEF dagurinn okkar kl. 12:40 - 14:00.

19. - 22. maí - Skólaferðalag nemenda í 10. bekk.

2. júní - Síðasti kennsludagur skólaársins, nemendur keyrðir heim kl. 13:00, frístund opin fyrir þá sem eru skráðir.

3. júní - skólaslit og útskrift 10. bekinga kl. 18:00 í íþróttahúsinu.



Dyggð aprílmánaðar
er umburðarlyndi.



Með kveðju,
Ása og Björk

Allir hafa hið **góða** í sér og möguleikann til að verða **betri** manneskjur.